Qualified Electronic Signature
STEINAR RAFN BECK BALDURSSON
2022-03-18 10:32:26 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
SKÚLI ÞÓRÐARSON
2022-03-18 11:11:02 GMT
GoPro

UMHVERFIS
STOFNUN

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfoss

Akureyri, 18. mars 2022
UST202001-200/S.R.B.
08.12.01

**Ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða hf. Stöðvarfirði**

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Fiskeldis Austfjarða hf. vegna starfsleyfis til sjókvíaeldis í Stöðvarfirði.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstaraðila þar sem hámark lífmassa má ekki fara yfir 7.000 tonn á hverjum tíma.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir starfsleyfið til 17. mars 2038.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllst,

Steinar Rafn Beck Baldursson
***sérfræðingur***

Skúli Þórðarson
***sviðsstjóri***